

Mál nr. 413/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttengið 10. nóvember 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 13. nóvember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 19. júlí 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt lýsingu M voru atvik þau að annar starfsmaður X fór með vinnutæki, þ.e. rafmagnstjakk, út og náði svo ekki að draga tækið aftur inn. M hafi tekið við tækinu en rekið það í kant á leið inn og því hafi annar samstarfsmaður hans, Y, komið honum til aðstoðar. M hafi sagst „vera með þetta“ og ekki sleppt tækinu og því hafi þeir báðir stýrt tækinu inn. Þegar inn var komið hafi M sleppt tækinu en Y ætlað að draga það lengra inn. Þegar M sleppti tækinu hafi hann reiknað með að það stöðvaðist en hafi það þá lent á hægri fæti hans með þeim afleiðingum að líkamstjón hlaut af.

Í málskoti kemur fram að M telji X bera skaðabótaábyrgð á tjóni hans, en V hafi, með bréfi dags. 23. apríl 2025, hafnað kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar væru uppfyllt. M er ósammála þeirri afstöðu og byggir á því að slys hans megi rekja til saknæmrar háttsemi Y sem hafi borið að sýna aðgæslu við störf sín í ljósi þess að um var að ræða þunga vinnuvél sem erfiðlega gekk að stýra. Með því að gæta ekki varúðar hafi Y bakað X sem vinnuveitanda sínum skaðabótaskyldu á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Megi þá einnig rekja slys M til hættulegra aðstæðna á vinnustað enda hvíli sú skylda á atvinnurekanda að sjá til þess að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað og að allar umferðarleiðir manna og flutningstækja séu greiðar og afmarkaðar. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra með stoð í þeim auk nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar framangreindu til stuðnings. Í málskoti kemur einnig fram að Vinnueftirlitinu hafi aldrei verið tilkynnt um slysið en með hliðsjón af óvinnufærni M strax í kjölfar þess hafi borið að senda slíka tilkynningu án tafar samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem stafi af því að Vinnueftirlitið hafi ekki getað sinnt rannsóknarskyldu sinni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að lýsing M á háttsemi Y bendi ekki til þess að Y hafi sýnt af sér saknæmt gáleysi. Að draga tjakk lengra inn sé í sjálfu sér ekki óeðlileg eða óvarleg háttsemi og ekki sé sannað að Y hafi brotið gegn almennum varúðarreglum eða sérstökum öryggisreglum á vinnustaðnum. Bendi atvik málsins því til þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða eða aðgæsluleysi M sjálfs sem hafi verið reynslumesti starfsmaðurinn á svæðinu og hafi borið að gæta fyllstu varúðar, sér í lagi eftir að hann sleppti tækinu.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að V geti ekki rökstutt staðhæfingu sína um að ekki hafi verið brotið gegn reglum á vinnustaðnum enda hafi vanræksla X á tilkynningarskyldu sinni leitt til þess að rannsókn Vinnueftirlitsins gat ekki farið fram. Sé óforsvaranlegt eigi M að líða fyrir það. M hafi þá ekki verið með mannaforráð á vinnustaðnum og sé það ekki á ábyrgð hans hafi X ekki þjálfað starfsfólk sitt með fullnægjandi hætti. Er þá áréttað að ekki hafi verið um óhappatilvik að ræða heldur hafi Y stýrt vinnuvélinni á M.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum og aðstæðum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk

Þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Í málskoti segir eins og áður er rakið að slys M hafi átt sér stað 19. júlí 2023. Í tilkynningu M til V segir hins vegar að slysið hafi átt sér stað degi fyrr en M hafi leitað til læknis 19. júlí 2023. Í þeirri tilkynningu kemur jafnframt fram að M hafi verið óvinnufær vegna slyssins frá 19. júlí 2023 til 1. september 2023. Ekkert óvinnufærnivottorð liggur fyrir til stuðnings þeirri staðhæfingu og í samskiptaseðli heilsugæslu dags. 19. júlí 2023 er ekki fjallað um útgáfu slíks vottorðs. Í málskoti er ekkert frekar fjallað um umrædda óvinnufærni eða hvenær og hvernig staðið var að tilkynningu um hana til X. Engin sjálfstæð yfirlýsing X liggur fyrir nefndinni og þar sem því er ekki mótmælt af hálfu V að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins verður þó að byggja á því að svo hafi verið.

Verður því að miða við það að X hafi borið að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys M án ástæðulausrar tafar en af gögnum málsins má ráða að það hafi ekki verið gert. Verður þó ekki fallist á að það hafi áhrif á sönnunarstöðu aðila enda verður ekki séð að neinn ágreiningur sé fyrir hendi hvað varðar atvik málsins sem slík.

Samkvæmt lýsingu M á atvikum, en hún verður samkvæmt framansögðu lögð til grundvallar, má ráða að einhvers konar misskilningur eða samskiptaleysi milli Y og M hafi valdið því að M sleppti tækinu en Y ekki. Verður ekki talið að með því sé sýnt að Y hafi sýnt af sér slíka háttsemi að leiði til skaðabótaábyrgðar X sem vinnuveitanda hans og umfjöllun í málskoti rennir ekki nægum stöðum undir slíka ályktun. Í málskoti eru jafnframt taldar upp ýmsar athafnaskyldur sem óumdeilt er að hvíli á X samkvæmt lögum en ekki rökstutt nægilega með hvaða hætti aðstæður hafi verið ófullnægjandi og óöruggar og falið í sér vanrækslu á þeim skyldum.

Hefur M samkvæmt öllu framansögðu ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða Y, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir